
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2001-03

Fundartími: Þriðjudagur 3. apríl 2001 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. **Notkunarflokkar raforku 2000.**
2. **Aflþörf raforkukerfisins 2000.**
3. **Breytt skipulag raforkugeirans.**
4. **Tenglar á Internetinu.**
5. **Vinna Afls fyrir raforkuhópinn og taxtar.**
6. **Önnur mál.**

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ólafur Pálsson
Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Jón Gestur Hermannsson

Landsvirkjun:

Eggert Guðjónsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV sagði að ennþá vantaði notkunarflokka frá þeim veitum sem hafa verið að taka upp ný sölukerfi. Hér er um að ræða Hitaveitu Suðurnesja, Orkubú Vestfjarða, Orkuveitu Húsavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur. Aðrir eru búnir að skila fyrir nokkru.
2. JV sagðist vera búinn að fá aflgögn frá Rarik, Landsvirkjun (Orkubú Vestfjarða með) og Orkuveitu Reykjavíkur en eftir væri að fá gögn frá Hitaveitu Suðurnesja.
3. JV dreifði einu blaði með punktum varðandi breytingar á starfsemi raforkuhóps Orkuspárnefndar vegna nýrra raforkulaga. Menn voru sammála að núverandi fyrirkomulag væri að mörgu leyti gott. Rætt var um hverjir ættu að eiga sæti í raforkuhópi og voru menn á því að það væru fulltrúar sérleyfisþáttana og eftirlitsaðilinn. Einnig var rætt um hvernig væri með gagnaöflun fyrir spána og hvernig færi með upplýsingar um notkun samkvæmt notkunarflokkum. JV sagði að krafa væri um skil á gögnum í raforkulagafrumvarpinu en það væri vissulega áhyggjuefni með notkunarflokkana en vonandi verður hægt að safna þeim áfram. Menn ætla að hugleiða þetta betur til næsta fundar.
4. JV nefndi að á síðasta fundi hefði verið nefnt að vera með á heimasíðu nefndarinnar tengla á aðrar síður þar sem finna mætti orkuspár. JV sagði að þetta hefði verið lengi á heimasíðu nefndarinnar og dreifði því sem þar er. Hann sagðist hafa bætt við fáeinum tenglum núna og mundi fara betur yfir þá á næstunni. JV sagði að 519 heimsóknir væru nú skráðar á heimasíðu hópsins og kemur að meðaltali um ein heimsókn á dag. Fundarmenn ætla að senda JV áhugaverða tengla ef þeir rekast á slíkt.
5. ÍP sagði að í framhaldi af umræðu á síðasta fundi um taxta Verkfræðistofunnar AFLs hefðu þeir sem kosta þetta starf rætt saman og ákveðið að samþykkja breytingar á töxtunum.
6. JV spurði hvort ekki væri búið að sameina Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og hvort JGH yrði ekki fulltrúi sameinaðs fyrirtækis í hópnum. Hann ætlar að athuga það. Einnig ætlar hann að kanna með aflgögn úr Svartsengi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 8. maí 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Breytingar á starfsemi raforkuhóps Orkuspárnefndar vegna nýrra raforkulaga.

(JV)

- Tenglar yfir á aðrar síður sem eru á heimasíðu Orkuspárnefndar. (JV)